

Korfuboltalið Gnúpverja.

Liðið var stofnað af sex drengjum sem ólust upp í Gnúpverja- og Hrunamannahrepp. Hrunamenn voru með sitt eigið lið þannig að það var augljósasti kosturinn að stofna meistaraflokk í Ungmennafélagi Gnúpverja. Mikil og rík tenging í hópnum er við Gnúpverjahrepp og hefur liðið alla tíð verið afar stolt af því að leika undir merkjum Gnúpverja þó að æfingar og heimaleikir liðsins fari fram á Höfuðborgarsvæðinu.

Haft var samband við Ingvar í Þrándarholti (gjaldkera UMFG), Gest frá Hæli og pabba hans Einar (sem þá var formaður UMFG), sem tóku vel í þessar hugmyndir og voru tilbúnir að slá til og eignast meistaraflokk sem myndi æfa og keppa í Reykjavík og sjá um öll sín útgjöld sjálfir.

Þess má til gamans geta að nokkrum árum áður en korfuboltalið Gnúpverja var stofnað var einnig stofnað knattspyrnulið af sömu einstaklingum sem lék í Sunnlensku utandeildinni á sínum tíma. Það lið er ekki ennþá til en margir úr því liði leika í dag með Hrunamönnum í 4. deild KSÍ.

Í dag eru sjö leikmenn í liðinu sem eru frá Gnúpverjahrepp og Hrunamannahrepp.

Þetta verkefni hefur gengið vægast sagt vel en á fyrstu tveimur tímabilunum hefur liðið farið upp um tvær deildir og mun leika í 1. deild KKÍ á næsta tímabili ásamt liðum á borð við Skallagrím, Snæfell, Hamar, Breiðablik og fleiri sögufrægum íslenskum félögum.

Gnúpverjar eru fyrsta liðið í íslenskrri korfuboltasögu til að fara upp um tvær deildir tvö tímabil í röð. Algjört afrek og hreppnum til mikils sóma.

Stærsti kostnaðarliður liðsins eru æfingagjöld. Þar sem engin aðstaða er í Gnúpverjahrepp til æfinga hefur liðið þurft að leigja æfingahúsnæði á Höfuðborgarsvæðinu sem og húsnæði til að leika heimaleiki í. Heildarkostnaðurinn þarna er í kringum 550.000 kr. fyrir og eftir áramót, sem sagt rúm milljón yfir tímabilið. Þennan kostnað hafa leikmenn liðsins þurft að greiða úr eigin vasa hingað til og geta það verið mikil persónuleg fjárútlát fyrir hvern og einn leikmann.

Við viljum auðvitað styrkja böndin á milli hreppsins og liðsins og erum reiðubúnir að hlusta á allar tillögur hvað það varðar frá ykkur. Það er okkar draumur að fá sem flesta úr sveitinni til að koma á heimaleiki okkar í Reykjavík og að sveitungar þínir fylki sér á bakvið liðið og geti stutt það stoltir.

Þá vonumst við til að sýnilegra samstarf á milli sveitastjórnar og korfuboltaliðsins geri öllum það ljóst að þetta er korfuboltaliðið ykkar og að fyrirtæki á svæðinu séu duglegri við að leggja okkur lið.

Okkur langar að hafa fána hreppsins á sýnilegan á heimaleikjum, hafa merki hreppsins sýnilegt á heimasíðu okkar, www.gnupnation.is og fleira í þeim dúr. Við ætlum að fjalla vel um leikina okkar og væri ykkur frjálst að birta leikjaumfjallanir okkar á heimasíðu sveitafélagsins og deila t.d. á Facebook. Einnig stefnum við á að halda Réttarball í Árnosi í samvinnu við Björgunarsveitina á svæðinu, það er í vinnslu. Við höfum stóran hóp af ungum og hraustum drengjum og getum lagt lið við að halda ýmsa atburði, hjálpa til o.s.frv.

Við sjáum fyrir okkur að sveitafélagið geti fengið helling út úr þessu samstarfi sem og auðvitað liðið. Þetta er spennandi verkefni sem hefur þann möguleika á að halda áfram skrifa íslenska korfuknattleikssögu og vonum við að þið getið með sterkari hætti komið að því.

Með kærri kveðju,
Jóhannes Helgason